



Númer skjals:	R21030177
Útgáfa:	001, yfirfarið af mannauðsstjórum, trúnaðarlækni og vinnuréttarteymi
Tegund skjals:	Verklagsreglur
Útgáfudags:	12.10.2021
Síðast rýnt/ næst rýnt:	Síðast sept. 2021/næst sept. 2023
Ábyrgðaraðili:	Skrifstofustjóri skrifstofu starfspróunar og starfsumhverfissviðs

Viðbrögð gagnvart starfsfólki þegar grunur er um raka eða rakaskemmdir í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar - Verklagsreglur

Tilgangur:

Tilgangur verklagsreglnanna er að leiðbeina stjórnendum um hvernig bregðast skuli við gagnvart starfsmannahópnum ef grunur vaknar um raka eða rakaskemmdir í húsnæði Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð:

Stjórnendur bera ábyrgð á því að farið sé eftir þessum verklagsreglu.

Viðbrögð gagnvart starfsmannahópi

- Ef rökstuddur grunur er uppi um að ástand húsnæðis, raki og óviðunandi loftgæði hafi áhrif á heilsu og líðan starfsfólks hefur stjórnandi samband við mannauðsþjónustu viðkomandi sviðs og ákvörðun er tekin í sameiningu um hvernig brugðist verði við.
 - Lagt er mat á líðan starfsfólks t.d. út frá tímalengd einkenna og sögu.
 - Sé það mat mannauðsþjónustu og stjórnanda að vanlíðan megi rekja til loftgæða sem stafa af raka eða rakaskemmdum skal máli vísað til trúnaðarlæknis og þá fer það í formlegt ferli.
 - Stjórnandi leitar til trúnaðarlæknis í samráði við mannauðsþjónustu og óskar eftir atvikum eftir skimun á starfsmannahóp eða sendir einstakan starfsmann beint til trúnaðarlæknis.
 - Stjórnandi, í samráði við trúnaðarlæknisþjónustu, skipuleggur skimun á starfsmannahóp í samráði við mannauðsþjónustu. Stjórnandi sendir upplýsingar um starfsmannahóp (í samræmi við persónuverndarákvæði) til trúnaðarlæknisþjónustu.
- Framgangur þessa ferils getur tekið mið af niðurstöðu skoðunar á húsnæðinu (sjá verkferil þar um). Viðbrögð eru eðlilega umfangsmeiri ef staðfesting fæst á rakaskemmdum í húsnæðinu. Upplýsingagjöf: Ef líkur eru taldar á að raki og rakaskemmdir séu að hafa áhrif á heilsu og líðan starfsfólks skulu eftirtaldir aðilar upplýstir:
 - Sviðsstjóri viðkomandi sviðs, og eftir atvikum aðrir stjórnendur sem eru á milli stjórnanda starfsstaðs og sviðsstjóra.
 - Öryggisnefnd (öryggisverðir / öryggistrúnaðarmenn) á starfsstað, eða önnur öryggisnefnd sem hefur með málefni starfsstaðar að gera. Ef ekki er vitað um starfandi öryggisnefnd skal öryggisnefnd Reykjavíkurborgar upplýst.

Nýjasta útgáfa verklagsreglunnar er vistuð á innri vef Reykjavíkurborgar

MOS – Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík – Sími: 411 1111

Síða 1 af 3

- c. Annað starfsfólk sem vinnur í rýminu: Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að raki sé farinn að hafa áhrif á heilsu starfsfólks er eðlilegt að starfsmannahópurinn sé upplýstur um það. Ekki má þó með þessari upplýsingagjöf brjóta gegn reglum um persónuvernd einstaklings eða einstaklinga sem eru með einkenni og hafa leitað aðstoðar. Umfang og tímasetningu upplýsingagjafar þarf að meta í hverju tilviki.
3. Starfshóp boðið að fara í skimun:
- a) Trúnaðarlæknaþjónustan annast skimun og beinir starfsfólki sem hefur mikil einkenni strax til trúnaðarlæknis, meðal annars til að meta einkennin og vinnufærni hvers og eins. Trúnaðarlæknir hefur samband við stjórnanda vinnustaðar til þess að upplýsa um niðurstöðuna og sendir vottorð ef við á.
 - b) Skimun felur í sér að starfsmenn svara spurningalista, eiga viðtal við hjúkrunarfræðing og fara í blásturspróf.
 - c) Trúnaðarlæknaþjónustan tekur saman niðurstöður skimunar og gerir tillögur um frekari rannsóknir á einstaklingum úr starfsmannahópnum eins og þurfa þykir og upplýsir stjórnanda um það.
 - d) Einstaklingar koma eftir þörfum í skoðun hjá trúnaðarlækni og fara eftir atvikum í frekari rannsóknir.
 - e) Þeim einstaklingum sem trúnaðarlæknir telur að hafi þörf fyrir aðstoð annarra sérfræðinga er vísað áfram.
 - f) Þeim einstaklingum sem trúnaðarlæknir telur þurfa aðstoð vegna annars heilsufarsvanda er bent á að leita til heimilislæknis.
 - g) Trúnaðarlæknir tekur saman stutt yfirlit yfir niðurstöðu sína varðandi heilsu starfsmanna.
 - h) Fyrirkomulag eftirfylgni er unnin í samvinnu við ábyrgðaraðila vinnustaðarins (stjórnanda eða mannauðsstjóra) á hverjum tíma.

Stefnt er að því:

- Að skimun hjá hjúkrunarfræðingi sé lokið innan tveggja vikna.
 - Að læknir yfirfari gögn úr skimun innan tveggja vikna frá lokum hennar.
 - Að þeir sem þurfa að hitta trúnaðarlækni fái tíma innan 4 – 6 vikna eftir að skimun lýkur.
 - Til að flýta fyrir að niðurstöður liggi fyrir er nauðsynlegt að starfsmenn fari strax í blóðprufu ef þeir fá boð um slíkt.
4. Stjórnandi og mannauðsþjónusta meta í sameiningu hvernig hægt er að bregðast við. Í einhverjum tilfellum er mögulegt að gera breytingar á starfsumhverfi (tilfærslu í annað húsnæði) og/eða verkefnum á grundvelli niðurstaðna skimunar, í þeim tilgangi að kanna hvort einkennin minnka. Starfsmaður með einkenni getur þó ekki krafist þess að vera færður til í húsnæði, enda mjög mismunandi hvort starfið og verkefnið bjóða upp á það.
5. Ef starfsmaður er af trúnaðarlækni metinn óvinnufær og starfið býður ekki upp á tilfærslu í annað starfsumhverfi er almennt ekki um að ræða annað en veikindaleyfi þar til lagfæringu

húsnæðis er lokið. Æskilegt er þó að leita allra leiða til að viðhalda virkni starfsfólks við þessar aðstæður.

Athugið: Atvinnurekanda ber ekki að greiða fyrir þær skoðanir/rannsóknir sem starfsfólk fer í í kjölfar skimunar, að öðru leyti en því sem gert er á vegum trúnaðarlæknisþjónustu. Komi hins vegar til þess að loka þurfi húsnæði sökum öryggis- og heilsufarssjónarmiða skal það endurskoðað.

Sjá einnig leiðbeiningar í bæklingnum [„Inniloft, raki og mygla í híbýlum“](#) (Umhverfisstofnun, 2015).